

Fundargerð málþings 16. september 2009 um sameiningu og endurskipulagningu ríkisstofnana

Málþing um sameiningu og endurskipulagningu ríkisstofnana var haldið 16. september 2009. Hér má sjá fundargerð fundarins og glærur fyrirlesara.

Málþing: Sameining og endurskipulagning ríkisstofnana. Hvernig skilar slíkt bestum árangri? Hverjar eru helstu hindranir–lausnir?

Aðstandendur fundarins: Ríkisendurskoðun, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnun stjórnsýslufræða við HÍ.

Fundarstaður og fundartími: Grand hótél, Gullhvammur, Reykjavík. Morgunverður og skráning var frá kl. 8:00 og var fundargjald á mann kr. 3.900. Fundur hófst 08:30 og stóð til 10:30.

Fundarstjóri: Ragnhildur Arnljótsdóttir

Bakgrunnur: Meðal þeirra spurninga sem leitað var svara við á málþinginu voru:

- Hvernig má meta fyrirfram mögulegan ávinning af sameiningu ríkisstofnana, þ.e. áður en ákvörðun er tekin?
- Hvernig á að standa að undirbúningi og eftirfylgni sameiningar, svo árangur náist?
- Hvaða hættur eða hindranir er að varast í þessu sambandi?
- Hvaða lærdóm má draga af reynslunni, bæði innanlands og annarra þjóða?
- Hver eru lykilskilaboð ráðgjafa stjórnenda hins opinbera til stjórnámálanna?

Miðlun fundarins: Fundurinn var túlkaður á táknmáli. Dreift var glærum fyrirlesara og eru þær birtar á heimasíðu Félags forstöðumanna ríkisstofnana.

Dagskrá

8:30 Inngangur fundarstjóra Ragnhildar Arnljótsdóttur ráðuneytisstjóra.

Fundarstjóri sagði mikilvægt að í stöðunni felist tækifæri. Hagræðing væri hvati til breytinga. Samráð er mikilvægt, forstöðumaður á ekki að fréttu að breytingum á fundi sem þessum heldur á minni fundi. Fundarstjóri greindi frá breytingum og tilfærslu verkefna í ráðuneytunum. Nýtt efnahags- og viðskiptaráðuneyti verður til um næstu mánaðarmót. Þróun stjórnsýslunnar er að fyrirmynd Dana. Veikleiki hjá okkur að við mælum ekki árangur breytinga. Ráðuneytisstjórar hittast nú vikulega til samráðs.

8:35 Sameiningarferlið og algeng mistök. Leifur Eysteinnsson sérfræðingur hjá menntamálaráðuneyti, höfundur rits um sameiningar ríkisstofnana. [Sjá glærur Leifs.](#)

8:55 Sameining ríkisstofnana – tækifæri til að gera betur. Björg Kjartansdóttir viðskiptafræðingur og sérfræðingur hjá Ríkisendurskoðun. [Sjá glærur Bjargar.](#)

9:20 Ávinningur af sameiningu ríkisstofnana. Sigurður Helgason ráðgjafi, sem um þessar mundir vinnur að stórum sameiningarverkefnum félagsmála-, dómsmála- og samgönguráðuneyti. [Sjá glærur Sigurðar.](#)

9:50 Breytingastjórnun og breyting á stjórnun. Eyþór Eðvarðsson þjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun ehf. [Sjá glærur Eyþórs.](#)

10:15 Holl ráð. Að lokum lögðu tveir forstöðumenn sem tekið hafa þátt í að sameina stofnanir inn góð ráð til þeirra sem á næstunni munu takast slík verkefni á hendur.

a) **Sjöfn Sigurgísladóttir** forstjóri Matís ohf. [Sjá glærur Sjafnar.](#)

b) **Magnús Pétursson** ríkissáttasemjari og f.v. forstjóri LSH.

Magnús taldi sameiningu stofnana mikið viðfangsefni og í ljósi reynslu sinnar gaf hann fundarmönnum 5 ráð og 3 heillaráð.

Ráðin:

- 1) Horfið yfir sviðið, á aðalatriðin, ekki aukaatriðin.
- 2) Verið alltaf í fyrirvari. Nemið andann meðal fólksins.
- 3) Verið heiðarleg við starfsmenn og samkvæm sjálfum ykkur.
- 4) Gætið að tímasetningum, ekki óljósar.
- 5) Látið starfsmenn ekki ganga að ykkur sem vísun.

Heillaráðin:

1. Farið vel með valdið.
2. Forðist illdeilur við einstaka starfsmenn.
3. Eigið ykkur einhvers staðar athvarf, vin til að spjalla við.

Ekki reyndist tími til fyrirspurna. Fundi slitið kl. 10:30.

Um 220 manns sótti málþingið.

Fundargerð: Ingibjörg Guðmundsdóttir